



Reykjavík 12. desember 2006

Menntamálanefnd Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Hins íslenska náttúrufræðifélags um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, heildarlög.

Gott náttúruminjasafn hefur verið eitt af megin stefnumálum Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) frá stofnun þess árið 1889 og því er það fagnaðarefni að unnið skuli að málefnum þess. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er nær samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi (688. mál, 132. löggjafarþing). Stjórn HÍN sendi umsögn sína um það til menntamálanefndar Alþingis þann 2. maí 2006. Frumvarpið dagaði uppi á vorþingi og er það von okkar að náist að ljúka málinu á yfirstandandi þingi.

Stjórn félagsins telur þá breytingu sem gerð var á 5. grein frumvarpsins þar sem nú er gerð krafa um að forstöðumaður hafi háskólamenntun **og** staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins mikilvæga. Stjórnin bendir ennfremur á að ef til vill hefði verið heppilegra að ganga enn lengra og gera kröfu um háskólamenntun á sviði náttúrufræða. Þá vill stjórn félagsins ítreka umsögn sína sem send var menntamálanefnd um frumvarpið s.l. vor.

Að lokum ítrekar stjórnin að efni frumvarpsins skiptir félagið miklu þar sem það var HÍN sem stofnaði safnið og hafði af því veg og vanda þar til það var afhent ríkinu til eignar og umsjónar fyrir 60 árum síðan, árið 1947. Því miður verður að segjast að ríkið hefur ekki sinnt safninu sem skyldi en það er von stjórnarinnar að nú muni loksins rísa Náttúruminjasafn Íslands sem öll þjóðin getur verið stoltir af.

Fyrir hönd stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags,

Kristín Svavarsdóttir,
formaður

kristin.svavarsdottir@land.is
Landgræðslu ríkisins,
Skúlagötu 21,
101 Reykjavík